

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun.

Deiliskipulag, Efri-Reykir L167080, varmaorkuver.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir varmaorkuveri á um 3,5 ha lóð. Á svæðinu er borhola auk dæluhúss og er vatn úr henni nýtt í dag til húshitunar. Hitastig vatns úr borholu er um 145°C. Lækka þarf hitastig vatnsins niður í 80°C til þess að hægt sé að nýta það til húshitunar. Fyrirhugað er að leiða þann hluta varmans sem er vannýttur í gegnum 4-8 varmavélar. Úr hverri vél fæst allt að 150 kW og er áætluð framleiðsla allt að 1200 kW. Gert er ráð fyrir byggingu fyrir varmaeiningar auk aðstöðu RARIK fyrir spennu, samtals að hámarki 500 m².

Samþykkt í sveitarstjórn 16. apríl 2020.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 7. ágúst 2020.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Vígfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfud.: 10. ágúst 2020